

Alþingi
Erindi nr. P 135/1801
komudagur 13.3.2008

ÞJÓÐARHREYFINGIN

- með lýðræði

Nefndasvið Alþingis,
Austurstræti 8-10,
150 REYKJAVÍK

Efni:

Umsögn Þjóðarhreyfingarinnar um þingmál 155, „Frumvarp tillaga um breytingu á lögum um eftirlaun forseta Íslands, ráðherra, alþingismanna og hæstaréttardómara, nr. 141/2003“.

Þjóðarhreyfingin - með lýðræði er sammála ofan nefndu frumvarpi í öllum greinum.


Alþingi er vettvangur almannahagsmuna, ekki sérhagsmuna. Síst af öllu er Alþingi vettvangur persónulegra og fjárhagslegra hagsmuna þeirra fulltrúa sem þar sitja hverju sinni. Almennt séð er því ótækt að alþingismenn sjálfir véli um réttindi sín og kjör. Umrætt mál er undantekning þar sem það felur í sér leiðréttingu á alvarlegum mistökum, en lögín frá í desember 2003 ganga þvert gegn hugmyndum landsmanna um lýðræði og jafnrétti, sem og málatilbúnaðurinn allur.

Að öðru leyti er vísað til ályktunar Þjóðarhreyfingarinnar um alræmd eftirlaunalög, en þar sagði meðal annars:

„Þjóðin býr í grundvallaratriðum við sömu lífeyrisréttindi. Alþingismenn, ráðherrar og hæstaréttardómarar eiga einfaldlega að njóta sömu réttinda og aðrir opinberir starfsmenn. Sú leiðrétting þolir enga bið. Að því fengnu ber að jafna lífeyrisréttindi þannig að fólk á almennum vinnumarkaði njóti ekki lakari réttinda en opinberir starfsmenn gera nú.“

Reykjavík, 12 mars 2008

f. h. Þjóðarhreyfingarinnar - með lýðræði,


Hans Kristján Arnason
framkvæmdastjóri